

50

3. gr.

15. maí

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 500 kr., og skal helmingur þeirra falla til uppljóstrarmanns, en helmingur í sveitarsjóð, þar sem uppljóstrarmaður dvelur, er hann verður áskynja um brotið. Sé uppljóstrarmaður fenginn til eftirlits gegn sérstakri borgun samkvæmt 2. gr., skulu allar sektirnar falla í sveitarsjóð þess hrepps, er eftirlitið kostar.

4. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

Samþykkt þessi, sem er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 85.

14. nóvember 1917, staðfestist hérmeð til að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

51

16. maí

ERINDISBRÉF

fyrir

endurskoðendur Landsbanka Íslands.

Samkvæmt 41. gr. laga nr. nr. 10, 1928 um Landsbanka Íslands eru eftirfarandi reglur settar fyrir endurskoðendur bankans:

1. gr.

Endurskoðendurnir skulu rannsaka reikning seðlabankans og reikninga hinna annara deilda bankans og bera saman við bækurnar og við sjóð bankans og eignir. Sjálfar bækurnar og færslu á þeim skulu þeir einnig rannsaka, svo að þeir séu þess fullvissir, að bókhaldið sýni rétta mynd af því, sem fram hefir farið.

Ef þeir verða þess varir, að vanræksla eigi sér stað í einhverju, eða að nauðsynlegar endurbætur þurfi að gera, eiga þeir að benda bankaráðinu á það, og gera uppástungur um endurbæturnar.

2. gr.

51

Tvisvar á ári a. m. k. skulu endurskoðendur fyrirvaralaust sann- 16. maí
reyna, hvort handbærar eignir bankans séu fyrir hendi, skulu þeir gera
fullkomna skoðun á birgðum verðbréfa, víxla, innheimtufjár, á sjóðfé,
birgðum erlendrar myntar, geymslumunum, skjölum og handveðum fyr-
ir reikningslánnum, hlaupareikningslánnum, útlánnum og ýmiskonar skuld-
bindingum. Við birgðaskoðanir skal byggt á samanburðarbók þeirri,
sem endurskoðunardeild bankans heldur, og skulu endurskoðendurnir
við lok reikningsársins með samanburði í ársreikningum við nefnda bók,
fullvissa sig um, að þeir sýni raunverulegan hag bankans.

3. gr.

Einu sinni á mánuði skulu endurskoðendur fyrirvaralaust fram-
kvæma sjóðstalningu hjá þeim starfsmönnum bankans, sem hafa fé
undir höndum og bera saman við sjóð og sjóðsreikning bankans. Þá
skulu þeim minnst tvisvar á ári fullvissa sig um að gullforði og önnur
seðlatrygging fullnægi ákvæðum laganna.

Endurskoðendur skulu ennfremur hafa sérstaklega gát á því,
að fyrirkomulag á sjóðnum og reikningshaldi í sambandi við hann sé
hagað þannig að eftirlitið sé fulltryggilegt.

Áliti þeir að breytingar í þessu efni séu æskilegar, skulu þeir
snúa sér til bankaráðsins með uppástungur um þær.

4. gr.

Ónýting seðla, verðbréfa og vaxtamiða skal framkvæmd í viður-
vist endurskoðenda, enda hafi þeir áður fullvissað sig um upphæð
þeirra.

5. gr.

Endurskoðendur skulu byggja endurskoðunina á starfi endur-
skoðunardeildar þar sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum, reglugerð
bankans eða í erindisbrjefi þessu, þó ber þeim með sjálfstæðum athugun-
um og samanburði að gæta þess að endurskoðunardeild ræki starf sitt
svo sem fyrir er mælt í reglugerð um endurskoðunardeildina.

6. gr.

Þá ber endurskoðendum að athuga með dreifkönnun:

- a. að löglega sé gengið frá skuldabréfum og veðskuldabréfum
bankans.
- b. að tekjur og gjöld séu talin undir réttum liðum.
- c. að tekjur bankans séu innheimtar og útgjöld greidd samkvæmt
lögum, reglugerðum og öðrum gildandi fyrirmælum og samkvæmt
gerðum samningum.

- 51 d. að útgjöldin séu sönnuð með löglegum kvittunum, þar í talin útdregin og innleyst veðdeildarbréf og innleystir vaxtamiðar. Ennfremur skulu endurskoðendur athuga að allar eftirstöðvar séu rétt fluttar milli reikninga.
16. maí

7. gr.

Endurskoðendur skulu a. m. k. einu sinni á ári og fyrirvaralaust framkvæma samskonar endurskoðun á útbúum bankans, skulu þeir framkvæma þá skoðun til skiftis eftir ákvörðun bankaráðsins.

8. gr.

Við rannsókn reikninganna og eftirlit í bankanum er það skylda endurskoðendanna að gefa gætur að því, hvort nauðsynlegrar sparsemi er gætt í fjárútlátum og mannahaldi.

Komist þeir að raun um, að með sparnaði og betri hagnýting vinnukrafta og véla eða á annan hátt sé hægt að vinna bankanum gagn, skulu þeir gera tiltögur til bankaráðsins um það.

9. gr.

Nú tekur bankastjórn ekki til greina þær athugasemdir eða tillögur, sem endurskoðendur telja nauðsynlegar. Skulu þeir þá tilkynna Landsbankanefndinni það tafarlaust. Endurskoðendur bera ábyrgð gagnvart Landsbankanefnd og getur hún hvenær sem er krafizt af þeim skýrslna og upplýsinga um hag og rekstur bankans.

10. gr.

Endurskoðendur skulu halda bók þar sem stuttlega sé ritað efni tillagna þeirra og athugasemda og hvað þeir starfa hvern dag sem þeir vinna að endurskoðuninni, og skulu þeir leggja bók þessa fyrir Landsbankanefnd hvenær sem hún æskir.

Alþingi, 16. maí, 1929.

Fyrir hönd Landsbankanefndar.

Sveinn Ólafsson.

Þorleifur Jónsson.